

Eskja hf.
Strandgötu 39
735 Eskifjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. janúar 2013
Tilvísun: UST20121200055/edk


Áætlun um úrbætur samþykkt


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 17. janúar 2013 þar sem áformað var að áminna Eskju hf. vegna fráviks sem varðar að frárennsli frá gölfniðurföllum frá löndunarhúsi og niðurföllum frá verksmiðjuplani er ekki leitt í fitugildru áður en því er veitt til sjávar. Í bréfinu var rekstraraðila veittur frestur til 1. febrúar 2013 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi þessi áform stofnunarinnar.

Þann 28. janúar 2013 hafði verkfræðistofan Mannvit samband fyrir hönd rekstraraðila til að benda á að úrbótaáætlun vegna umrædds fráviks var send Umhverfisstofnun 24. desember sl. Stofnunin hefur nú yfirfarið úrbótaáætlunina og samþykkir hana. Áætlunin hljóðar upp á að framkvæmdum við fráveitulögn frá löndunarhúsi verði að hluta til lokið 1. febrúar 2013 og lokið verði við frágang verksmiðjuplans og niðurfalla eigi síðar en 1. júní nk. Þá verður framkvæmdum við seinni hluta fráveitulagnar frá löndunarhúsi lokið fyrir 1. júlí 2013 og þá verður lögnin tengd og virk með dælubúnaði í löndunarhúsi. Umhverfisstofnun veitir hér með Eskju hf. frest til 5. júlí 2013 til að skila til stofnunarinnar staðfestingu á að úrbótum hafi verið lokið með fullnægjandi hætti.

Umhverfisstofnun fellur frá áformum um áminningu, sbr. bréf dagsett 17. janúar sl. Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á að umrædd úrbótaáætlun hafi ekki verið höfð til hliðsjónar við vinnslu málsins. Ekki verður innheimt gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna fráviksins þar sem ekki var þörf á beitingu þvingunarúrræða þar sem áætlun rekstraraðila var vissulega skilað innan tilskilins frests.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Kristján Geirsson
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands